



Jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 5. apríl 2004.

Opinn fundur haldinn í jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 5. apríl kl. 18:00 á kaffihúsinu Við Árbakkann.

Mættir samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Framkvæmdaplan Jafnréttisáætlunar.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Jófríður formaður nefndarinar bauð alla velkomna og setti fund. Hún sagði frá því að ástæða þess að ákveðið var að kalla á áhugasama bæjarbúa til starfa með nefndinni hafi verið miklar umræður um framkvæmd jafnréttisáætlunar innan nefndarinar og það myndi styrkja áætlunina að fá sem flest sjónarmið.

Tveir fundarmanna þeir Valdimar Guðmannsson og Helgi Arnarsson tóku til máls og sögðu frá sinni sýn á jafnréttismál, var það samhljóða álit nefndarmanna að gott hefði verið að fá svona áhugasama og upplýsta aðila til starfa með nefndinni.

Almennt var rætt um að það sé ekkert eitt mál á Blönduósi sem sé mikilvægara en önnur varðandi jafnréttismál, enda ræðst slíkt meira af stað og stund hverju sinni. Áherslan er núna á launamun kynjanna og töldu fundarmenn mikilvægt að ráðast í gerð launakönnunar.

Fundarmenn voru einnig sammála því að vel hefur tekist hjá nefndinni að vekja upp umræður um jafnréttismál á Blönduósi og það sé fyrst og fremst



hlutverk nefndarinar að halda fólki upplýstu samhliða því að halda uppi samfélagsumræðu um jafnrétti.

2. Önnur mál voru enginn.

Ekki fleira tekið fyrir og fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:45

Jófríður Jónsdóttir

Matthías Imsland

Ásta Þórisdóttir

Nína M.P.